



Samtök
smáframleiðenda
matvæla

Stofnuð 5. nóvember 2019



BEINT FRÁ BÝLI

Stofnað 29. febrúar 2008



Smáframleiðendur matvæla

Regluverk og framkvæmd eftirlits

- staðan í dag og tillögur til úrbóta -

Oddný Anna Björnsdóttir


Fráfarandi framkvæmdastjóri SSFM/BFB

Málþing SSNV og Farskólans um framtíð smáframleiðslu á Íslandi

Varmahlíð, 18. apríl 2026

Félagsmenn SSFM/BFB

Staðsetning félagsmanna



216 fyrirtæki hringinn í kringum landið

79% á landsbyggðinni

21% á höfuðborgarsvæðinu

Matarfrumkvöðlar stuðla að aukinni

- **Nýsköpun** - fjölbreyttara úrvali matvæla
- **Tengingu** milli neytenda og framleiðenda
- Nýtingu **innlendra** hráefna
- **Fullnýtingu** afurða og nýtingu **vannýtttra** hráefna
- **Atvinnusköpun** og **byggðafestu** um land allt
- Styrkja stoðir **ferðaþjónustunnar**
 - gera landið **áhugaverðara** heim að sækja
 - **matarferðaþjónusta** er sívaxandi
 - **upplifa** landið í gegnum mat og drykk

Smáframleiðendur skipta máli

Meginmarkmið Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) er að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða.



Oddný Anna Björnsdóttir.

Tilgangur Samtaka smáframleiðenda matvæla er að stuðla að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt.

Beint frá býli er aðildarfélag SSFM sem hvetur til heimavinnslu og sölu beint frá bændum og vinnur að hagsmunamálum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hvers konar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Félagið hvetur til varðveislu hefðbundinna framleiðsluaferða og til kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð.

Smáframleiðendur matvæla eru matarfrumkvöðlar og sem slíkir lykll að kraftmikilli nýsköpun hér á landi, fjölbreyttara úrvali matvæla, aukinni sjálfbærni og minna kolefnisspori. Þeir nýta að stærstum hluta innlend hráefni, giarnan svokölluð vannýtt hráefni og stuðla þannig að fullnýtingu og auknu virði afurða. Þeir fjölga atvinnutækiferum og stuðla að byggðafestu um land allt. Þeir mynda jafnan sterkari tengingu milli neytenda og framleiðenda og auka samtalið. Því má halda því fram að það sé samfélagslega ábyrgt að kaupa vörur af smáframleiðendum.



Jóhanna Sjófn Guðmundsdóttir og Hörður Guðmundsson, Grimsstaðaketi, á bás SSFM/BFB á Landbúnaðarsýningunni 2022. Mynd / SSFM/BFB

fimmtungur í bæjarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Á hverju ári eru í kringum 10% félagsmanna afskráð, enda SSFM/BFB félag frumkvöðla og nýjar hugmyndir ganga ekki alltaf upp, sumir eru orðir of stórir eða hafa verið keyptir af stærri fyrirtækjum. Félagsmönnum fjölga þó ár frá ári, því fleiri skrá sig í samtökin en sem nemur þeim sem hætta.

Helmingur fyrirtækjanna er rekin af báðum kynjum, þriðjungur eingöngu af konu(m) og 15% eingöngu af karli/körnum. Aldursbilið er breitt og má segja að því eldra sem fólk er því líklegra

þegar stöðugildin verða fleiri eru fyrirtækin jafnan orðin of stór fyrir samtökin.

Mikil fjölgun á sl. áratug

Tæpur helmingur félagsmanna hóf starfsemi á árunum 2020-2023 og 27% á árunum 2015-2019 sem þýðir að þeir fjórðu félagsmanna hóf starfsemi á sl. áratug. Rúm 20% hóf starfsemi á árunum 2005-2014 og innan við 5% fyrir 2005. Það segir okkur að áhugi og hvati til að fara út í eigin matvælaframleiðslu hefur aukist verulega. Breytingar á regluverki, aukin þjónusta eins og vörusmiður

Beint frá býli bændur

- Flestir reka **stór bú** á íslenskan mælikvarða
 - en eru af öllum stærðum og gerðum
- Taka heim / halda eftir **hluta framleiðslunnar** til að **vinna úr sjálfir**
 - í eigin vinnslu eða í nágrenninu
 - auka þannig virði afurða sinna
 - stytta aðfangakeðjur og draga úr kolefnisfótspori
- **Frumkvöðlar** sem stunda mikla þróunarvinnu
- **Neytendur** sækjast eftir að kaupa beint af **frumframleiðendum**
 - vita hvaðan maturinn kemur, eykur traust
 - hafa aðgang að einstökum matvælum
- **Gátt inn** í landbúnaðinn
 - með afar jákvæða ímynd
 - og því **hagur landbúnaðarins** í heild að þeir eflist
- **Sköpunarkraftur** lögbýlanna eru verðmæti
 - sem við eigum að vernda, styðja og efla



Handhafar landbúnaðarverðlaunanna

Beint frá býli bændur sem hafa hlotið verðlaunin frá stofnun BFB 2008

2026: Gunnbjarnarholt / Hreppamjólk

2025: Brúnastaðir í Fljótum

2023: Rjómabúið Erpsstaðir

2022: BioBú og Karólína í Hvammshlíð

2020: Garður / Kaffi Kú

2018 - 2021: Engar heimildir um landbúnaðarverðlaunin

2015: Efstidalur II í Bláskógarbyggð

2014: Friðheimar í Bláskógarbyggð

2013: Laxárdalur II / Korngrás frá Laxárdal

2012: Reykjahlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Skarðaborg í Reykjahverfi

2011: Félagið Beint frá býli og Félag ferðaþjónustubænda - tengt

2010: Hraun á Skaga

2009: Holtsel í Eyjafirði og Akuresel í Öxarfirði



Fjórar tilgátur settar fram

Haft samband við ríflega 30 framleiðendur og þeir spurðir hvort þeir væru **sammála** eða **ósammála** tilgátunum og útskýra **hvers vegna**



Tilgáta A

Regluverkið er almennt **ekki** hindrun fyrir utan sértæk atriði ef:

- Eftirlitsaðilinn er **lausnamiðaður**, sinnir **leiðbeiningarskyldu** og nýtir **svigrúmið** í regluverkinu
- Framleiðandinn er **opinn** fyrir athugasemdum og **samstarfsfús**
- Framleiðandinn og eftirlitsaðilinn vinna saman að því að **finna leiðir** til að láta hlutina ganga upp



Tilgáta B

Framkvæmd eftirlits er megin vandamálið, þegar:

→ Eftirlitsaðilinn er **ekki lausnamiðaður**,
nýtir ekki **svigrúmið** í regluverkinu,
lætur stjórnast af **persónulegum skoðunum**,
hefur **fyrirfram mótaðar** hugmyndir
og/eða virðist njóta þess að sýna **vald** sitt

og/eða

→ Framleiðandinn fer strax í **vörn**,
lítur á ábendingar sem **árás**,
þekkir ekki nógu vel þær **reglur** sem um starfsemina gilda
og/eða **treystir sér ekki** til að standa á sínum **rétti**



Tilgáta C - þau spurð sem hafa verið í framleiðslu í meira en áratug

Regluverkið var mikil hindrun,
en með árunum hefur smám saman
dregið úr þeim, m.a. með tilkomu:

- **2012/2023:** Smáræðisreglugerðarinnar / sölu í eigin hagnaðarskyni á matarmörkuðum bætt við
- **2016:** Reglugerðar um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli
- **2021:** Reglugerðar um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum



Tilgáta D - þau spurð sem hafa verið í framleiðslu í meira en áratug

Framkvæmd eftirlits var mikil hindrun, en þrátt fyrir að **enn séu vandamál til staðar hafa orðið framfarir:**

- Mikil **tortryggni**, **neikvæðni** og **þekkingarleysi** í byrjun
- “þetta mun ég aldrei leyfa”
- Almennt betri reynsla af **nýrri eftirlitsaðilum**
- margir “gamlir hundar” sem voru með leiðindi hættir
- Meiri **þekking** og **skilningur** á þeim **sveigjanleika** og **meðalhófi** sem mikil áhersla er lögð á í **EES reglunum** og að aðildarríkjum sé heimilt að setja **sérstakar reglur** um minni matvælaframleiðslu
- Stóra vandamálið er **skortur á samræmi** og að það sé **happdrætti** hvaða eftirlitsaðila framleiðandi fær



Allir viðmælendurnir
sögðust **sammála**
tilgátunum



Umræðan letjandi og vantraust ríkjandi

- Regluverkið getur verið íþyngjandi og framkvæmd eftirlits ábótavant, en **umræða** um íþyngjandi regluverk og eftirlit er **letjandi** og **dregur úr vilja og þori** til að fara út í heimavinnslu og slátrun
- Veruleikinn er sá að sala á heimaslátruðu er enn að mestu **utan kerfisins** sem og hluti vinnslu
- Ástæðan er m.a. **vantraust** sem tengist hræðslu við **ófyirsjánlegar** og **skyndilegar breytingar** á regluverki eða **kröfum eftirlitsaðila** sem gæti sett reksturinn á hvolf
- Nauðsynlegt að bjóða upp á **stuðning** og **fræðslu**
- Hvað sé **rétt** og hvað **rangt** og finna leiðir - í samstarfi við **stjórnvöld** og **eftirlitsstofnanir** - til að draga úr vantraustinu



Fyrirkomulag eftirlits - hvað þarf að gera

1. Tryggja samræmi, jafnræði og fyrirsjáanleika

- Í matvælaöggjöfinni eru **almennar kröfur og markmið**, fremur en tæmandi fyrirmæli um nákvæma útfærslu
 - þess vegna skiptir **samræmd túlkun** og **framkvæmd** svona miklu máli
- Sambærileg starfsemi þarf að sæta **sambærilegum kröfum og eftirliti** um land allt
 - það má **ekki vera happdrætti** hvaða eftirlitsaðila framleiðandi fær
- *Dæmi* eru um að starfsemi hafi verið **bönnuð** á einu svæði en **leyfð** á öðru
 - og að framkvæmdir sem einn krafðist hafi annar síðar krafist að yrðu fjarlægðar
- *Dæmi* eru um mikinn mun á **fjölda eftirlitsheimsókna** og **eftirfylgni** milli framleiðenda
 - án þess að það verði skýrt með **áhættumati**
 - og að framleiðandi fá **fleiri en einn** eftirlitsaðila
- *Dæmi* eru um að sífellt sé verið að **skipta um eftirlitsaðila**
 - sem þýðir að útskýra þarf allt upp á nýtt, aftur og aftur

2. Skýrir, sjálfstæðir og raunhæfir andmæla- og kærufarvegir

- Eftirlitsþegi þarf að hafa **réttindi** sín á hreinu
- Aðgengilegur og sjálfstæður **úrlausnarfarvegur** fyrir ágreining um túlkun reglna
 - sem er þess eðlis að framleiðendur **treysti sér** til að leita réttar síns



3. Skýr ábyrgðarkeðja og samræmdur farvegur fyrir athugasemdir

- Athugasemdir við starfsemi sem þegar hefur hlotið starfsleyfi fari í gegnum þann eftirlitsaðila sem ber ábyrgð á leyfinu og reglubundnu eftirliti
- Þannig má draga úr ósamræmi, tvíverknaði og því að framleiðendur fái misvísandi skilaboð frá fleiri en einum aðila um sömu atriði

4. Tryggja meðalhóf, svigrúm og virka leiðbeiningarskyldu

- Eftirlit þarf að byggja á meðalhófi, áhættumati og því svigrúmi sem regluverkið heimilar, ekki óþarflega þröngri eða íþyngjandi túlkun
- Eftirlitsaðilar þurfa að nýta það svigrúm sem regluverkið gefur og leiðbeina um raunhæfar leiðir til úrbóta innan lögmætra marka

5. Skýr stefna og raunhæf innleiðing rafræns eftirlits

- Móta stefnu og tímasetta áætlun um aukna innleiðingu rafræns eftirlits þar sem við á
- Getur aukið skilvirkni, dregið úr kostnaði og auðveldað samskipti og eftirfylgni
- Innleiðingin má ekki vera háð geðþótta eða ólíkri framkvæmd milli eftirlitsaðila heldur byggja á samræmdum viðmiðum

Stofnun atvinnuveganna í stað Matvælastofnunar og Fiskistofu

Í frumvarpi atvinnuvegaráðherra, sem er til meðferðar á Alþingi eftir umsagnaferli, er gert ráð fyrir að ný Stofnun atvinnuveganna taki til starfa 1. janúar 2027 með sameiningu Matvælastofnunar, Fiski- stofu og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Matvælastofnun hóf störf 1. janúar 2008 með sameiningu Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Umhverfisstofnunar og matvælasviðs Fiskistofu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að viðfangsefni Matvælastofnunar og Fiskistofu séu að mörgu leyti svipuð og starfsstöðvar reknar á svipuðum stöðum á landinu. Tækifæri séu því til að efla stjórnáætlun og styrkja faglegar stöðir eftirlitsins.

Stærri stofnun getur boðið upp á öflugt þekkingarsamfélag með sérhæfðum teyrum og markvissari og faglegri þróun starfsmanna.

Í greinargerðinni segir einnig að um árábil hafi eftirlit með matvælum verið til skoðunar en ítrekaðar athugasemdir veruð gerðar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2010 við annmarka á skipulagi



Aðalskrifstofa Matvælastofnunar er á Selfossi. Mynd / smh

eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla.

Í júlí 2024 sendi ESA íslenskum stjórnvöldum formlegt áminningarbréf þar sem farið var fram á að opinbert eftirlit á sviði 23 matvæla, fôðurs og dýraheilbrigðis færi fram á skilvirkan hátt og í samræmi við EES-reglur. Er með frumvarpinu um Stofnun atvinnuveganna ætlunin að bregðast við athugasemdum ESA og tryggja að opinbert eftirlit sé í samræmi við EES-samninginn. /smh

Þrepaskipting kerfisins

1. **Smáræði** → ekki starfsleyfisskylt
2. **Lítill fyrirtæki** og **sérfarvegir** tengd þeim → minni kröfur
3. **Hefðbundin fyrirtæki** → fullar kröfur gerðar

Stoð í lögum um matvæli - liðum a.-d. bætt við 2. gr. eftir innleiðingu EB 852/2004 (103/2010) og EB 853/2004 (104/2010)



Breyting á lögum um matvæli árið 2012

Liðum a.-d. bætt við 2. gr.

■ 2. gr.

□ [Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum, [þ.m.t. lífrænnar framleiðslu]. ¹⁾ Þau taka ekki til frumframleiðslu til einknota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra [matvælasnertiefna] ²⁾ á einkaheimilum. Lögin taka til [opinbers eftirlits] ³⁾ hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.

□ [Ráðherra er heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða:

a. aðila sem framleiða og markaðssetja matvæli þar sem starfsemi er ekki samfelld heldur tilfallandi, lýtur ekki sérstöku skipulagi og er ekki rekin í eigin hagnaðarskyni,

b. framleiðendur sem framleiða og markaðssetja frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásölufyrirtækis sem afhendir matvæli beint til neytenda,

c. framleiðendur sem framleiða og markaðssetja vörur, sem eru unnar úr eigin frumframleiðslu, beint til neytenda, enda sé um takmarkaða, árstíðabundna eða tilfallandi starfsemi að ræða,

d. framleiðendur sem framleiða matvæli með aðferðum sem er hefð fyrir hérlendis.

Ráðherra setur með reglugerð ⁴⁾ nánari ákvæði um þessa starfsemi, svo sem um hvaða starfsemi er að ræða, hvað telst staðbundin starfsemi, skilyrði fyrir slíkri starfsemi, opinbert eftirlit og hvaða reglur um framleiðslu, markaðssetningu, hollustuhætti, merkingar, umbúðir, rekjanleika, geymslu og flutning gilda um slík matvæli.] ⁵⁾

Smáræði

Lítill
matvæla-
fyrirtæki

Grunnreglan sem þrepaskiptingin byggir á

- ESB gerir ráð fyrir að **bein sala** framleiðanda á litlu magni **frumframleiðsluvara** til **neytenda** eða **staðbundinnar smásölu**, **lítil matvælafyrirtæki** og framleiðsla **hefbundinna** matvæla geti verið **utan fulls umfangs** regluverks um hollustuhætti
- ESB skilgreinir **ekki nákvæmlega**
 - hver talan sé eða hvað sé staðbundið
 - lætur hverju ríki eftir að skilgreina það með þjóðarreglum
- Hér á landi er
 - **lítið magn** - ekki ein föst tala, heldur ólíkar skilgreiningar eftir hráefnum og regluverki
 - **staðbundin smásala** - innan 50 km frá frumframleiðslustað
- **Tilgangurinn** er að
 - opna **löglegan farveg** fyrir smáa aðila
 - ekki ýta fólki út í **“gráan farveg”** sem þó er enn raunin
- **Blýhúðunin** hér á landi felst í
 - óþarflega **þröngum skilgreiningum**
 - og **viðbótar ákvæðum**



Regluverk í kringum smáframleiðslu matvæla

Almennur lagarammi

Matvælaöggjöf ESB: Regluverkið í heild - ekki ein stök réttarheimild

102/2010 (innleiðir m.a. EB 178/2002): *Reglugerð um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli*
- rammareglugerð um almennar meginreglur matvælaréttar, öryggi matvæla og málsmeðferð

93/1995: *Lög um matvæli*

103/2010 (EB 852/2004): *Almennar kröfur um hollustuhætti sem varða matvæli*
- m.a. grunnur að innra eftirliti. [Bæklingur](#) MAST um innra eftirlit (byggir á 5 gr.)

104/2010 (EB 853/2004): *Sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu*
- viðauki III og sérreglur um afurðir úr dýraríkinu (bls. 24-66)
- séríslenskt viðbótarákvæði 7. gr. a um nánast ófrávíkjanlega kröfu um gerilsneyðingu

851/2012: *Reglugerð um mjólkurvörur*

Regluverk í kringum smáframleiðslu matvæla

Sérfarvegir, merkingar og fóður

580/2012 (íslensk útfærsla): Reglugerð um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja (smáræðisreglugerðin)

856/2016 (íslensk útfærsla): Reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli

500/2021 (íslensk útfærsla): Reglugerð um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum

1294/2014 (ESB 1169/2011): Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (merkingareglugerðin)

22/1994: Lög um eftirlit með áburði, fóðri og sáðvöru

107/2010 (EB 183/2005): Reglugerð um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður

744/2011 (EB 767/2009): Reglugerð um notkun og markaðssetningu fóðurs

674/2017 (EB 1069/2009 og ESB 142/2011): Reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis

Tillögur að breytingum á regluverki

1. Smáræðisreglugerðinni
2. Reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli
3. Reglugerð um lítil sauðfjár- og geitasláturhús
4. Reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu*
5. Lögum um eftirlit með áburði, fóðri og sáðvöru
6. Lögum um Matvælasjóð (ótengt ESB/EES regluverki)



Dæmi um eina af tillögnum á næstu glærum

Ógerilsneyddir ostar / hrámjólkurostar

Ísland blýhúðar regluverk ESB

- Árið 2012 völdu íslensk stjórnvöld að bæta **fjórum nýjum greinum** (7. gr. a-d) við reglugerð *nr. 104/2010 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu* (innleidd ESB gerð)
- Í **7. gr. a Bann við dreifingu á ógerilsneyddri mjólk** er sett sú almenn regla að öll drykkjarmjólk og mjólkurvörur skuli unnar úr gerilsneyddri mjólk (broddmjólk undanskilin) og þannig tryggt að hin **algilda regla** um gerilsneyðingu sem var færð í lög árið 1933 yrði áfram við lýði, þrátt fyrir verulegt svigrúm í innleidda regluverkinu
- Þar með eru hrámjólkurostar **bannaðir** sem framleiðsluvara, þó **eftirspurn** sé til staðar og **heimilt sé að flytja þá inn** vegna EES samningsins sem gert er í stórum stíl

ESB/EES heimildir og hefðbundið kerfi

- ESB-kerfið **heimilar hrámjólkurosta**; þetta er ekki sérstök undanþága heldur hluti af grunnkerfinu
- **Kröfurnar** í ESB byggja á
 - ◆ gæðakröfum til hrámjólkur (t.d. örveruviðmið/eftirlit)
 - ◆ hollustuháttum í framleiðslu
 - ◆ rekjanleika/innköllun



Ógerilsneyddir ostar / hrámjólkurostar

ESB gefur ríkjum svigrúm til að setja þjóðreglur um hrámjólk til beinnar neyslu (drykkjarmjólk), en það er ekki **sjálfgefið svigrúm til að banna** alla hrámjólkurosta.

Ísland hefur hins vegar valið almennari og stífari línu: Öll mjólk og mjólkurvörur eiga að vera úr gerilsneyddri mjólk (fyrir utan broddmjólk) vs **ESB-nálgun** sem er “heimilt með skilyrðum”

Tillaga að breytingu: Í 7. gr. a (104/2010) verði bætt við málsgrein sem segir í megindráttum:

Þrátt fyrir ákvæði um gerilsneyðingu er heimilt að framleiða og markaðssetja osta úr ógerilsneyddri mjólk, að uppfylltum skilyrðum um öryggi, hreinlæti, rekjanleika og örveruviðmið, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð eða leiðbeiningum Matvælastofnunar.





Samtök
smáframleiðenda
matvæla

